




Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins



Ársskýrsla 2011 Samantekt

Lykilstarf árið 2011

Með nýjum framkvæmdastjóra, (Christa Sedlatschek, sem tók við af Jukka Takala árið 2011) hélt stofnunin áfram markmiði sínu, að efla vinnuvernd við erfiðar efnahagslegar aðstæður, með þeim rökum að tíminn og fjármunirnir, sem varið er til vinnuverndar, sé fjárfesting en ekki kostnaður og að góð vinnuvernd sé góð fyrir reksturinn.



Károly György, stjórnarformaður og Christa Sedlatschek, framkvæmdastjóri

SÖFNUN OG GREINING UPPLÝSINGA

Evrópska áhættuvaktin

Verkefnið um framtíðarsýn sem er flaggskip stofnunarinnar, felst í því að leita út fyrir þær vinnustaðaáhættur sem nú eru „þekktar“, og reyna að átta sig á breytingum til lengri tíma litið. Verkefnið felur í sér þróun á uppákomum sem gætu átt sér stað á ákveðnum sviðum og kanna þannig hvað kunni að gerast ef tækniframfarir eða samfélagsbreytingar eiga sér stað og kanna þau áhrif sem slíkar breytingar geta haft á vinnuvernd og einnig hvernig stjórnvöld geta brugðist við. Fyrsta verkefnið um framtíðarsýn snýst um „græn“ störf; en þau snúast um hönnun á tækni eða athöfnum sem miða að því að draga úr umhverfisáhrifum.



[Skýrsla um helstu þætti sem valda breytingum](#) á sviðinu var gefin út árið 2011, auk annarrar um [helstu tæknimál á þessu sviði](#) sem kunna að hafa áhrif á vinnuverndarmál. Einnig hófst vinna við gerð sviðsmyndanna: að greina og prófa ákveðna framtíðarmöguleika til þess að aðstoða ákvarðanatöku í framtíðinni.

Umsögn um verkefni og greining rannsókna fólst meðal annars í því að niðurstöður tveggja ára verkefnis voru kynntar, en það fjallaði um stöðu kvenna með hliðsjón af vinnuverndarmálum og þær sérstöku áskoranir sem aukinn fjöldi kvenna á vinnumarkaði skapar. [Samantekt](#) niðurstöðunnar var birt, en hún dregur upp nýjar hættur og þá þróun sem á sér stað á sviði öryggis og heilbrigðis hjá konum á vinnustöðum.

Annað mikilvægt verkefni á síðasta ári var þróun „vinnuverndar-wiki“. Stofnunin er að byggja upp gagnagrunn greina sem mynda kjarnann í „vinnuverndar-wiki“ eða “OSHWiki” en gert er ráð fyrir að það fari í loftið árið 2013. Fyrsti hluti yfir 60 greina er nú kominn í hús.

Eitt af meginverkefnum stofnunarinnar á umliðnum árum hefur verið [Evrópska fyrirtækjakönnunin um nýjar og aðsteðjandi hættur \(ESENER\)](#) sem í fyrsta skipti sýnir okkur raunveruleikann um hvernig stjórnun á nokkrum mikilvægum vinnustaðaáhættum er stjórnað í Evrópu. Verkefnið hefur falist í því að safna saman gögnum frá stjórnendum og vinnuverndarfulltrúum um alla Evrópu um hvernig tekist er á við vinnuverndaráhættur á vinnustöðum. Sérstök áhersla er lögð á sálfélagslegar áhættur, svo sem vinnutengda streitu, ofbeldi og áreitni. Markmiðið er að veita stefnumótendum upplýsingar, sem munu aðstoða við ákvarðanatöku, ásamt því að aðstoða fyrirtæki við að læra hvert af öðru um hvernig best sé að takast á við þessar hættur. Árið 2011 hófst greining á fyrirliggjandi gögnum úr könnuninni.

Í ár var einnig birt [skýrsla](#) þar sem gögn frá Evrópusambandinu og aðildarríkjunum voru dregin saman og í ljós kom að vinnustaðaofbeldi og áreitni hefur færst í vöxt í Evrópu.



Upplýsingar um vinnuumhverfið

Stofnunin stóð fyrir margvíslegri útgáfustarfsemi á árinu í tengslum við herferðina um öruggt viðhald. Gefinn var út [leiðarvísir](#) og [staðreyndablað](#) um öruggt viðhald í landbúnaði. Einnig var gefið út [stefnuyfirlit](#) og [staðreyndablað](#) um legiónellu- og legionnaires-sjúkdómanna. Gefin voru út e-staðreyndablöð um öruggt viðhald í tengslum við [handverkfæri í byggingariðnaðinum](#), [fiskiskip](#) og [vinnutengt vegaöryggi](#). Dæmi frá [Evrópuverðlaunum um góða starfshætti](#) voru gefin út auk tölublaðs af [tímaritinu Vinnuvernd er allra hagur](#) sem fjallaði um herferðina um öruggt viðhald.



Unnið var að því á árinu að undirbúa upplýsingar og kynningarefni fyrir næstu [herferð Vinnuvernd er allra hagur 2012-13](#) sem gengur undir heitinu Vinnuvernd - allir vinna.

[Gagnvirka hættumatstólið á Netinu \(OiRA\)](#), sem er á vegum stofnunarinnar, er arfur fyrri [Vinnuverndarherferðar um hættumat](#). Tólinu var opinberlega hleypt af stokkunum í september 2011. Stofnunin hefur einnig unnið hart að því að kynna mögulega OiRA en hægt er að laga tólið að þörfum ákveðinna geira og þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum stað fyrir sig.



Í nokkur ár hefur stofnunin tekið þátt í verkefni sem lýtur að því að kanna þær vinnuverndaráhættur, fyrir utan vinnuslys í umferðinni, sem starfsmenn við [vegasamgöngur](#) eiga við að etja. Fjöldi greina og rita leit dagsins ljós, sem fjölluðu um góða starfshætti í þessum geira: þar á meðal [skýrslan](#) vinnuvernd í tölum, skýrsla um [hættustjórnun](#) fyrir ökumenn, [umsögn](#) um slys og líkamstjón þar sem ökumenn koma við sögu, staðreyndablað um [góðar starfsvenjur](#) við stjórnun áhættu meðal ökumanna og [eflingu](#) vinnuverndar í

greininni, skýrsla um hvernig eigi að [ná til ökumanna](#) með skilaboðum um vinnuvernd, umsögn um góða starfshætti sem tengjast öryggi og heilbrigði [sendla](#), og umsögn um góða starfshætti þegar kemur að öryggi og heilbrigði [leigubílstjóra](#).

Fjöldi rita komu út, þar á meðal skýrsla um [eflingu geðheilsu](#) á vinnustöðum, leiðarvísir um notkun [efnahagslegra hvata](#) til þess að verðlauna fjárfestingu í vinnuverndarmálum, umsögn um áhættur í vinnuvernd [í neyðarþjónustu](#), skýrsla um hættur í [byggingargeiranum og HORECA](#) - geiranum, og skýrsla um leiðir til þess að leggja mat á „[vinnustaðarmeningu](#)“ í fyrirtækjum.

SAMSKIPTI, HERFERÐIR OG KYNNINGARSTARF

Árið 2011 var seinna árið af tveimur í herferðinni [Vinnuvernd er allra hagur um öruggt viðhald](#).

Herferðirnar “Vinnuvernd er allra hagur” eru þær stærstar sinnar tegundar í heiminum, en þær ná til EFTA landanna, umsóknarlanda og aðildarríkja ESB. Við höldum áfram starfinu við að ná til milljóna evrópskra starfsmanna en nýjasta herferðin, sem sett hefur þátttökumet, miðar að því að auka vitund fólks um mikilvægi viðhalds fyrir öryggi og heilbrigði starfsmanna og mikilvægi þess að það sé framkvæmt með öruggum hætti. Nýsköpunar fyrirtæki hlutu einnig viðurkenningu á verðlaunaafhendingu [10. Evrópuverðlauna fyrir góða starfshætti](#), sem afhent voru í Búdapest á heimsdegi vinnuverndar.



Sigurveggar Evrópuverðlauna fyrir góða starfshætti taka á móti viðurkenningarskjöllum

Herferðin um öruggt viðhald hefur haldið áfram að stækka þegar kemur að þátttöku þeirra samstarfsfyrirtækja, sem stofnunin vinnur með, og þannig margfaldað og eft skilaboð herferðarinnar. Um 53 fyrirtæki úr opinbera- og einkageiranum gerðust [opinberir evrópskir samstarfsaðilar herferðarinnar](#) um öruggt viðhald og aðstoðuðu við að breiða út boðskapinn um mikilvægi öruggs viðhalds með ýmiss konar starfsemi.



Frá vinstri: María Luz Rodríguez, ráðuneytisstjóri í spænska atvinnuáráðuneytinu, László Andor, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins fyrir atvinnu-, félagsmál og aðlögun, Christa Sedlatschek, framkvæmdastjóri EU-OSHA og Javier Ruiz, aðstoðarráðunautur atvinnuáráðs í basknesku ríkisstjórninni.

Herferðinni um öruggt viðhald lauk með lokaviðburði í nóvember 2011 en þá fór einnig fram tveggja daga [leiðtogafundur herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur](#) en þar komu saman vinnuverndarsérfræðingar og stjórnvöld í því skyni að ræða niðurstöður herferðarinnar og miðla góðum starfsháttum.

Aðrir mikilvægir viðburðir á vegum herferðarinnar til þess að auka vitund fólks voru til að mynda [Evrópska ljósmyndasamkeppnin](#), en hún fékk yfir 2500 tilnefningar og [Kvikmyndaverðlaun herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur](#) sem stofnunin veitti fyrir bestu heimildarmyndina um vinnutengd heilbrigðismál á DOK kvikmyndahátíðinni í Leipzig.

Stofnunin framkvæmdi einnig vettvangsvinnu fyrir samevrópska skoðanakönnun [um skynjun fólks á vinnuverndarmálum í Evrópu](#). Könnunin var framkvæmd af Ipsos Mori og fólst í 36,000 viðtölum í yfir 30 löndum. Málafnin, sem tekið var á, voru meðal annars virk öldrun og sálfélagsglegar hættur.

Stofnunin stóð fyrir gerð frekara efnis til að auka vitund fólks með hinni vinsælu teiknimyndapersónu, Napo. Þar á meðal var [Nettöl fyrir grunnskólakennara](#), með tillögu að kennsluefni sem hannað var til þess að aðstoða við að gera vinnuvernd að daglegum þætti skólastarfs. Einnig var framleiddur DVD diskur um fólksflutninga á vinnustöðum – undir heitinu [Öruggar hreyfingar](#) og [myndbúturinn Lungu í vinnu](#) fyrir Tóbakslausu daginn um allan heim.

Stofnunin hefur einnig haldið áfram að þróa samvinnu á sviði samskipta með stjórnarsviði fyrirtækja- og iðnaðarins hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og [Fyrirtækjaneti Evrópu](#) í því skyni að aðstoða við að koma skilaboðum um vinnuverndarmál til evrópskra fyrirtækja.

Stofnunin útvegaði ræðumenn og skipulagði áhugaverða dagskrá fyrir fjölmiðla og gesti á nokkrum áberandi viðburðum á árinu. Þar á meðal Heimspingi vinnuverndar í Ístanbul, 12. ETUC þinginu í Apenu, alþjóðlegu vörusýningunni A + A í Düsseldorf og á Alþjóðlega umferðarmálþinginu í Leipzig.



ÞRÓUN SAMSTARFSNETSINS

Umræður eru í gangi um drög að næstu stefnumótunaráætlun stofnunarinnar og framtíðarþróun samstarfsnetsins í ljósi árschlutamats á núverandi áætlun, en niðurstöður þess voru kynntar stjórn stofnunarinnar í nóvember.

HORFUR

Árið 2012 mun röð skýrslna, sem greina þau gögn sem safnað var saman í ESENER könnuninni, birtast.

Framtíðarsýnar rannsókninni mun ljúka árið 2012: í lok verkefnisins munu birtast framtíðarhorfur, sem skilgreindar voru í verkefninu, þar sem skoðað verður hvernig ný tækni kann að hafa áhrif á vinnuverndarmál starfsmanna við ýmiss konar aðstæður. Þeim verður svo miðlað til stjórnvalda og annarra og er unnið að því að setja saman tillögur um eftirfylgni við fyrsta framtíðahorfu verkefnið.

Stofnunin mun styðja gerð nýs [Gagnvirks hættumatstóls á Netinu \(OiRA\)](#) til viðbótar þess sem fyrir er, sem lagað verður að sérstökum þörfum ákveðinna vinnustaða og geira. Stofnunin mun einnig halda áfram að þróa samfélag forritara og notenda OiRA og bjóða upp á hjálparþjónustu fyrir forritara.

2012 hleypir EU-OSHA af stokkunum nýrri tveggja ára [herferð: Vinnuvernd er allra hagur undir heitinu Vinnuvernd - allir vinna](#). Hún beinir kastljósinu að mikilvægi stjórnunarforystu og þátttöku starfsmanna við úrbætur í vinnuverndarmálum. Einnig er undirbúningur hafinn að herferð stofnunarinnar Vinnuvernd er allra hagur fyrir árin 2014-2015 en hún gengur undir vinnuheitinu „Hagnýtar lausnir fyrir sálfélagslegar hættur“.

Stofnunin mun birta [niðurstöður Ipsos MORI könnunarinnar](#), sem hún lét gera fyrir sig, um viðhorf til vinnuverndar og kanna mikilvægi þeirra.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur útnefnt árið 2012 [Evrópuár virkrar öldrunar og samstöðu kynslóðanna](#) með það að markmiði að beina sjónum fólks að framlagi eldra fólks til samfélagsins og hagkerfisins og bjóða upp á betri tækifæri fyrir eldra fólk til þess að leika sitt hlutverk á vinnumarkaðinum. Stofnunin mun styðja við Evrópuárið og leggja áherslu á mikilvægi vinnuverndar ef fólk vill eiga lengri starfsævi.

Að lokum verður minnst á framtíðarþróun starfs stofnunarinnar í nýrri stefnumótunaráætlun EU-OSHA en lögð verða drög að henni árið 2012 og gert er ráð fyrir að hún verði samþykkt ári seinna.



Sigurvegarar ljósmyndasamkeppninnar og meðlimir dómnefndarinnar

Frá vinstri: Isa Kurt, Peter Rimmer, Christa Sedlatschek, framkvæmdastjóri EU-OSHA, **Saša Kosanović** og Paweł Ruda

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að starfa á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, yfi rveguðum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur herferðir í vinnuvernd um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1996 og er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni, tengir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB, fulltrúa frá stjórnarsýslu aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðingum frá hverju af hinum 27 aðildarríkjum ESB og annars staðar frá.

Vinnuverndarstofnun Evrópu
Gran Vía, 33, 48009 Bilbaó, SPÁNI
Sími +34 94 479 4360
Fax +34 94 479 4383
Tölvupóstur: information@osha.europa.eu